



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 131/1427

komudagur 20.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, 677. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, 677. mál.

Markmið frumvarpsins er að færa núgildandi lög um uppboðsmarkaði frá árinu 1989 í nútímalegra horf. Þannig er lagt til að rekstrarleyfi uppboðsmarkaða verði ótímabundin í stað þess að gilda aðeins í eitt ár í senn. Jafnframt er lagt til að reglugerð kveði á um skilyrði um starfsemi markaða í stað þess að ráðherra staðfesti starfsreglur hvers markaðar fyrir sig. Loks er lagt til að sett verði viðurlagaákvæði í lögin.

Alþýðusamband Íslands er í meginatriðum sammála umræddum breytingum. Æskilegt hefði þó verið að útfærsla á reglugerðum tengdum frumvarpinu hefðu legið fyrir þegar frumvarpið var sent út til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ